

kauptryggingu nefnda daga, að báðum meðtöldum, samkvæmt ákvæðum 9. gr. framangreinds kjarasamnings frá 10. júní 1949.

Stefndi, Landssamband íslenzkra útvegsmanna vegna Haralds Böðvarssonar & Co., greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðsfélags Akraness vegna skipverja á m/b Keili, Ak 92, kr. 1000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 26. nóvember 1953.

Nr. 6/1953. **Alþýðusamband Íslands f. h. Vörubílstjórafélagins Þróttar** (Egill Sigurgeirsson hrl.)
 gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. firmans Benedikts og Gissurar
 (Björgvin Sigurðsson hdl.).

Varadómari Benedikt Sigurjónsson í stað Ísleifs Árnasonar.

Forgangsréttur. Atvinnurekandi talinn hafa brotið forgangsréttarákvæði kjarasamnings með því að semja við annan atvinnurekanda um flutninga á rauðamöl.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu dags. 8. f. m. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Vörubílstjórafélagins Þróttar í Reykjavík gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. firmans Benedikts og Gissurar.

Með verksamningi, dags. 17. júlí þ. á., tók firmað Benedikt og Gissur að sér að byggja smurningsoliugeymslu fyrir Oliuverzlun Íslands h.f. á Kletti í Reykjavík fyrir tiltekið verð. Meðal annars skyldu verktakar ganga frá grunni hússins. Hinn 1. október þ. á. gerði verktakinn, firmað Benedikt og Gissur, samning við Pétur Snæland h.f. Samkvæmt samningi

Þessum skyldi hlutafélagið jafna grunn oliugeymslunnar og setja því næst 15 cm. lag af rauðamöl í hann. Þar á ofan átti að koma 20 cm. grjótlag og síðan skyldi fyllt eftir þörfum með rauðamöl, þ. e. yfirborð grjótsins jafnað. Hlutafélagið skyldi hafa lokið verkinu innan 10 daga frá undirskrift sammingsins og var umsamið endurgjald fyrir vinnu og efni kr. 20.000.00, en sú fjárhæð var aðeins litill hluti þess endurgjalds, sem firmað Benedikt og Gissur skyldi fá fyrir allt verkið.

Þá var enn ákvæði í samningnum þess efnis, að ef firmað Benedikt og Gissur sæi fram á, að verkinu yrði ekki lokið innan tilskilins tíma, væri því heimilt að bæta við bílum (til flutninganna) eftir þörfum á kostnað hlutafélagsins.

Hinn 4. október s.l. hafði hlutafélagið lokið við að jafna grunninn. Flutt hafði verið í hann 15 cm rauðamalarlagið og byrjað var á grjótlutningunum, en þá óskaði Oliuverzlun Íslands h.f. eftir því, að grunnurinn yrði eingöngu fylltur með rauðamöl. Féllst verktakinn á þá tilhögun og einnig viðsemjandi hans, Pétur Snæland h/f, enda auðveldaði þetta framkvæmd verksins. Flutti hlutafélagið þá rauðamöl í grunninn í stað grjóts þess, sem um hafði verið samið. Var hún öll fengin í gryfjum Reykjavíkurbæjar í Rauðhólum, en lítið eitt af grjóti, sem flutt var í grunninn, mun hlutafélagið hafa fengið í grjótnámi Reykjavíkurbæjar við Elliðaár. Við flutninga þessa notaði hlutafélagið að nokkru flutningatæki, sem það átti sjálft, en auk þess fékk það vörubifreiðar frá vörubílstöðinni Þrótti til flutninganna, og er talið, að þær hafi flutt rúmlega $\frac{2}{3}$ hluta þess magns, sem sett var í grunninn.

Firmað Benedikt og Gissur er félagi í Vinnuveitendasambandi Íslands. Hins vegar er Pétur Snæland h.f. ekki í Vinnuveitendasambandinu. Milli sambandsins og Vörubílstjóráðfélagsins Þróttar er í gildi kjarasamningur, dags. 24. apríl 1949, með síðari breytingum nokkrum að vísu. Er 3. gr. sammings þessa svohljóðandi:

„Vinnuveitendasamband Íslands skuldbindur sig til að láta fullgilda meðlimi „Þróttar“ hafa forgangsrétt til bifreiðaleigu og alla flutninga með bifreiðum, handa félagsmönnum Vinnuveitendasambandsins á félagssvæði „Þróttar“ og öll-

um akstri út af því svæði, en það er lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogshreppur og Seltjarnarneshreppur. Meðlimir Vinnuveitendasambandsins hafa ávallt frjálst val um það, hvaða meðlimi „Þróttar“ þeir taka til vinnu. Félagsmönnum Vinnuveitendasambandsins skal þó heimilt að nota eigin bifreiðar í eigin þjónustu, þar sem vinnuveitandinn á bæði bifreiðina og vöruna, sem flutt er, og reiknar sér ekkert sérstakt gjald fyrir flutninginn.

Enn fremur skal heildverzlunum og öðrum þeim, sem hafa það að atvinnu að kaupa vörur eða selja, svo og viðgerðarverkstæðum, verksmiðjum og útgerðarmönnum heimilt að aka á eigin bifreiðum vörum, sem heyra beint undir atvinnurekstur þeirra, og byggingameisturum að nota vikabíla við atvinnurekstur sinn, til flutninga á hlassþunga allt að einu tonni.

Loks skal skipafélögum og skipaafgreiðslum heimilt að nota þá tölu flutningatækja, sem þau nú eiga, til vöruflutninga á milli skipa og vörugeymsluhúss innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur . . .“

Í yfirlýsingu stjórnar Vörubílstjórafélagsins Þróttar dagsettri sama dag segir svo:

„Í framhaldi af samningi milli Vinnuveitendasambands Íslands og Vörubílstjórafélagsins „Þróttar“ gerðum í dag, lýsum vér yfir, að vér teljum heimilt að verktakar í byggingariðnaði flytji allar vörur, sem eru hluti af verkinu, sem tekið er í ákvæðisvinnu, enda sé flutningurinn ekki aðalhluti verksins“.

Samkvæmt framangreindum samningi við Benedikt og Gissur hóf hlutafélagið Pétur Snæland rauðamalarflutninga þegar hinn 1. október og notaði þá strax að einhverju leyti eigin bifreiðar. Framkvæmdastjóri Vörubílastöðvarinnar Þróttar fékk vitneskju um þetta. Snéri hann sér þá strax til forráðamanna firmans Benedikts og Gissurar og mótmælti notkun hlutafélagsins á eigin bifreiðum sem broti á framangreindri 3. gr. kjarasamnings Vinnuveitendasambandsins og Vörubílstjórafélagsins. Næsta dag ræddi hann við framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins, en þar sem þeir urðu ekki sammála um það, hvernig skilja bæri nefnt samn-

ingsákvæði, höfðaði stefnandi mál þetta. Eru dómkröfur hans þær, að dæmt verði að stefndi, firmað Benedikt og Gissur, hafi brotið 3. gr. framangreinds kjarasamnings, dags. 24. apríl 1949, og að firmað verði dæmt skaðabótaskyldt gagnvart stefnanda. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á þeim sjónarmiðum, að framangreindur samningur firmans Benedikts og Gissurar og Péturs Snælands h.f. sé í meginatriðum, eða að 9/10 hlutum samningur um flutninga, enda hafi sú orðið raun á í framkvæmd, að allt efni, sem hlutafélagið flutti, hafi verið rauðamöl og lítils háttar grjót, hvort tveggja fengið í malargrýfjum Reykjavíkurbæjar. Heldur stefnandi því fram, að samningur um þess konar flutninga sé óheimill samkvæmt forgangsréttindarákvæði 3. gr. núgildandi kjarasamnings, sem veiti félagsmönnum Þróttar tvímælalaust forgangsrétt til slíkra flutninga. Staðhæfir hann, að firmanu Benedikt og Gissuri hafi sjálfu verið óheimilt að framkvæma umrædda flutninga með eigin bifreiðum og þá því síður heimilt að fá þá í hendur aðilja, sem ekki var bundinn forgangsréttarákvæðinu, án þess að gera áskilnað um forgangsrétt Þróttarmanna. Samkvæmt þessari skoðun telur stefnandi, að stefnda sé skyldt að bæta Þrótti það tjón, sem félagsmenn þess félags hafi beðið við það, að verða af nefndum akstri og er krafa hans um viðurkenningu á skaðabótaskyldu stefnda á því byggð.

Stefndi hefur mótmælt því, að samningur hans við Pétur Snæland h/f sé andstæður ákvæðum 3. gr. kjarasamningsins. Kveður hann, að þegar samningurinn við hlutafélagið var gerður hinn 1. október 1953 hafi verið til þess ætlazt, að fært yrði í grunn olíugeymslustöðvarinnar það magn af grjóti, sem síðast nefndur samningur gerir ráð fyrir. Gert hafi verið ráð fyrir því, að afla þyrfti þess utanbæjar og því eðlilegt að nota til öflunar þess önnur tæki en venjulegar vörubifreiðar. Slík tæki hafi hlutafélagið átt. Samningurinn við það hafi verið verksamningur, en slíkan samning hafi sér

verið heimilt að gera, þrátt fyrir forgangsréttarákvæði kjarasamningsins. Nú hafi hins vegar samkvæmt ósk Oliuverzlunar Íslands h/f verið horfið frá því fyrirkomulagi, sem gert var ráð fyrir í verksamningnum frá 1. október og rauðamöl notuð í stað grjóts. Þessari breytingu kveðst stefndi hafa orðið að hlíta. Hún hafi hins vegar ekki verið gerð fyrir en liðinn var hartnær hálfur sá tími, sem hlutafélagið hafði til efnda á samningnum. Heldur stefndi því fram, að þrátt fyrir þessa breytingu verði hann ekki sakaður um brot á 3. gr. oftnefnds kjarasamnings. Staðhæfir hann, að sér hefði þrátt fyrir ákvæði nefndrar greinar verið heimilt að aka öllu efni í grunninn með eigin bifreiðum og þá einnig að gera verksamning um það við aðra. Komi því ekki til álita, að hann hafi á nokkurn hátt orðið skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda.

Eins og máli þessu er háttað þykir ekki ástæða til að taka afstöðu til þess atriðis, hvort firmanu Benedikt og Gissuri hafi í upphafi verið rétt og heimilt þrátt fyrir ákvæði 3. gr. kjarasamningsins að gera við Pétur Snæland h.f. framangreindan verksamning, sem fjallaði um vinnu, efniskaup og flutninga, án þess að áskilja félagsmönnum Þróttar þann akstur, sem eðlilegt væri að bifreiðar þeirra leystu af hendi.

Í málinu er fram komið, að Oliuverzlun Íslands h.f. gat einhliða breytt ákvæðum verksamnings þess félags og firmans Benedikts og Gissurar um efnisnotkun og annað. Eftir að Oliuverzlun Íslands h/f hafði þann 4. október s.l. ákveðið, að eingöngu skyldi notuð rauðamöl í grunn oliugeymsluhússins, í stað rauðamalar og grjóts eins og upphaflega var umsamið, breyttist grundvöllur verksamnings firmans Benedikts og Gissurar við Pétur Snæland h.f. að verulegu leyti, og þeir virðast hafa breytt samningum sínum í samræmi við það. Þá varð hlutverk Péturs Snælands h.f. í meginatriðum í framkvæmdinni aðeins það, að flytja í grunn oliugeymsluhússins rauðamöl úr gryfjum Reykjavíkurbæjar, stað, þar sem almenningur gat fengið slíkt efni fyrir fast og fyrirfram vitað verð, komið á ökutækið.

Þegar öll þessi atriði eru virt, verður að telja að það hafi verið andstætt ákvæðum 3. gr. kjarasamningsins frá 24. apríl

1949, að firmað Benedikt og Gissur lét hlutafélagið Pétur Snæland, sem hvorki er félagi í Vinnuveitendasambandi Íslands né, svo vitað sé, bundið hliðstæðum sammingsákvæðum, flytja rauðamöl þá, sem um ræðir í málinu, án þess að gera áskilnað um það, að félagsmenn Þróttar sætu fyrir um þá flutninga, sem þeir ættu forgangsrétt til samkvæmt ákvæðum 3. gr. nefnds kjarasamnings, enda verður ekki talið, að réttur firmans sjálfs til umræddra flutninga með eigin bifreiðum skipti hér nokkru máli.

Samkvæmt þessu ber firmað Benedikt og Gissur fébóta-ábyrgð á því tjóni, sem framangreind ráðstöfun flutninganna kann að hafa valdið félagsmönnum Þróttar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Framangreind ráðstöfun firmans Benedikts og Gissurar á flutningum þeim, sem um ræðir í málinu, var andstæð ákvæðum 3. gr. kjarasamnings málsaðilja, dags. 24. apríl 1949, og er firmað fébótaskyld gagnvart vörubílstjórafélaginu Þrótti vegna tjóns, sem félagsmenn þess kunna að hafa beðið hennar vegna.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði Einars B. Guðmundssonar.

Firmað Benedikt og Gissur hefur lýst því, að samningur sá, er það gerði hinn 1. október 1953 við Pétur Snæland, hafi verið nauðsynlegur til þess að tryggja framkvæmd verksamnings þess, er firmað gerði við Olíuverzlun Íslands h.f. hinn 17. júlí 1953. Þykir verða að leggja fullan trúnað á þessa skýrslu firmans, enda ekkert fram komið í málinu, er bendi til þess, að það hafi ætlað sér eða viljað sniðganga forgangsrétt meðlima Vörubílstjórafélagsins Þróttar til bifreiðaaksturs. Samkvæmt verksamningi Olíuverzlunar Íslands og firmans Benedikts og Gissurar var firmanu skyld að verða við ósk Olíuverzlunarinnar um þá breytingu á verksamningnum, er fram kemur í bréfi Olíuverzlunarinnar 5. október 1953. Verður ekki talið, að firmað Benedikt og Gissur hafi með því að láta Pétur Snæland halda áfram störfum þeim, er hann var byrjaður að framkvæma, brotið áminnt forgangsréttarákvæði Vörubílstjórafélagsins Þróttar, og þykir því rétt að sýkna í málinu. Hins vegar þykir rétt að málskostnaður falli niður.